

Ritdómur

Leitin að klaustrunum: Klausturhald á Íslandi í fimm aldir
eftir Steinunni Kristjánsdóttur, Reykjavík: Sögufélag
í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands, 2017, 600 bls.,
íslenskur og enskur útdráttur, töflur og skrár

Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur hefur á undanförunum árum lagt mikið af mörkum við íslenskar klausturrannsóknir og þar með aukið þekkingu okkar á kirkjusögu þjóðarinnar en á miðöldum gegndu klaustrin eflaust mikilvægu hlutverki bæði í kirkjunni og samfélaginu hér á landi eins og annars staðar. Orðið „eflaust“ er hér notað vegna þess að enn er auðvitað margt ókannað og ýmislegt sem í ljós hefur komið má auðvitað túlka á fleiri en einn veg.

Áður en Steinunn hóf rannsóknir sínar á Skriðuklaustri um síðastliðin aldamót hafði fátt verið skrifað um íslensku klaustrin, sem best kemur fram í því að 90 blaðsíðna löng grein sr. Janusar Jónssonar (1851–1922) í Holti í Önundarfirði, sem birtist í *Tímariti hins íslenska bókmenntafélags* 1887, var lykilverk um klaustursöguna nánast alla 20. öldina. Bók dr. h.c. Önnu Sigurðardóttur (1908–1996), brautryðjanda í kvennasögurannsóknum, *Allt hafði annan róm áður í páfadómi*, sem kom út 100 árum síðar (1988), hafði auðvitað bætt miklu við um þekkingu okkar um nunnuklaustrin tvö.

Í raun má kveða svo að orði að mikil klausturblinda hafi ríkt í hérlandum rannsóknum um langt skeið. Eftir að kirkjusögurannsóknir leystu hreina sagnaritun af hólmi voru þær mótaðar af lútherskum og á stundum allt að því and-kaþólskum sjónarmiðum. Þá hlutu klaustrin auðvitað að lenda á blinda blettinum. Þau höfðu verið einhverjar helstu þungamiðjur kaþólsku miðaldakristninnar í landinu en orðið að víkja vegna þeirrar hörðu gagnrýni sem Lúther og aðrir evangelískir siðbótarmenn beindu að þeirri sýn kaþólskra að klausturlíf væri göfugra og Guði þóknanlegra lífsform en það sem lifað var utan klausturveggja. Síðar tók annars konar blinda við. Í sagnfræðirannsóknum langt fram eftir 20. öld var kirkjan almennt ekki talin hafa gegnt veigamiklu hlutverki í sjálfu gangverki sögunnar heldur hafa verið hluti af yfirbyggingu samfélagsins sem fremur hafi streist gegn framþróuninni en haft áhrif á hana. Við þær aðstæður voru klaustur ekki áhugavert rannsóknarefni. Klaustrin voru helst uppgötvuð og virt þegar athyglin beindist að hlutverki þeirra á sviði ritmenningar og sagnaritunar hér á miðöldum. Þetta mótaði mjög myndina sem við höfðum af íslensku klaustrunum þegar líða tók að síðustu aldamótum. Í tengslum við kristnitökuafmælið árið 2000 var síðan stofnaður Kristnihátíðarsjóður sem starfaði í fimm ár og veitti m.a. fé til að kosta fornleifarannsóknir á helstu sögustöðum þjóðarinnar. Þótt Þingvellir, Skálholt og Hólar væru þar einkum nefnd til sögunnar var fé einnig veitt til rannsókna á klausturstöðunum og má þar finna hinar ytri hagrænu forsendur fyrir rannsóknum Steinunnar sem nú hafa skilað sér í umfangsmiklum uppgrefti á klaustrinu á Skriðu, sem lokið var 2012, og

tveimur viðamiklum ritum, *Sögunni af klaustrinu á Skriðu* (Reykjavík: Sögufélag, 2012, 375 bls.) og bókinni sem hér er til umfjöllunar.

Tvímælalaust má telja að rannsóknir Steinunnar hafi bylt þeirri ytri mynd sem við gerum okkur af klaustrunum. Allt þar til rústirnar á Skriðu tóku að koma í ljós var sú trú sterk að klausturbyggingar hér hefðu í grundvallaratriðum mótast af ráðandi byggingarlist, byggingartækni og byggingarefnum sem hér voru til staðar og í stórum dráttum líkst stórbýlum. Sú spurning var síðan áleitin að hve miklu leyti innra líf í klaustrunum og það starf sem þar var unnið hefði svo mótast af þessum ytri ramma og tekið á sig innlenda mynd. Nú hefur Steinunn og samstarfsfólk hennar aftur á móti sýnt að Skriðuklaustur byggðist á sömu grunnhugmynd og klaustur af sömu reglu og svipaðri stærð gerðu annars staðar í álfunni. Þá sýnir uppgröfturinn á kirkjugarði klaustursins að þar hefur verið umfangsmikið líknarstarf eins og víða við klaustur erlendis.

Síðari rannsóknin, sem hófst 2013 og kynnt er í *Leitinni að klaustrunum*, hafði að markmiði að staðfesta þessa mynd og leggja grunn að sambærilegum rannsóknum á hinum klaustrunum og þá ekki síst með því að staðsetja sjálfar klausturleifarnar heima á klausturstöðunum. Þrátt fyrir ýmsar vísbendingar, örnefni, munnmæli og staðfræðipækkingu ábúenda getur auðvitað leikið mikill vafi á staðsetningu sjálfra rústanna af klaustrunum gagnvart nútímabyggingum, bæjarhúsum og kirkjum á stöðunum. Markmið Steinunnar var víðtækt og metnaðarfullt. Hún lýsir því svo að markmiðið hafi framfar öðru verið að leita nýrra heimilda um klaustrin í jörðu, staðsetja rústir þeirra og að leita að gripum úr þeirra eigu ofan jarðar, þ.e. í kirkjum á öðrum stöðum, í söfnum eða hvar sem verða mætti. Markmiðið breikkaði þó til muna meðan á rannsókninni stóð og má raunar segja að í bókinni sé leitast við að rekja sögu allra klaustranna. Við rannsóknina var líka stuðst við flest þau gögn og aðferðir sem fornleifafræðingum standa nú til boða til að skyggjast undir yfirborð jarðar án umfangsmikilla uppgrافتa sem stundum orka tvímælis vegna þeirra óafturkræfu áhrifa sem þeir hafa. Þannig notaði leitarhópurinn ljósmyndir, loftmyndir, innrauðar myndir, hitamyndir, kort, teikningar, viðnámsmælingar, segulmælingar, radarmælingar og könnunar-skurði en einnig ritaðar heimildir, sögusagnir og drauma!

Fyrsta skrefið í rannsókninni var þó að ákvarða fjölda klaustranna. Sú staðreynd segir auðvitað sína sögu um stöðu þekkingar á sviði klausturrannsókna til þessa. Eins og allir vita eru eyjarnar á Breiðafirði og hólarnir í Vatnsdal sögð óteljandi. Fyrir nokkrum árum var sýnt fram á með listrænum gjörningi að þessi staðhæfing stenst um hólana — ekki endilega vegna þess hve margir þeir eru heldur vegna vafa í skilgreiningum: Hvað er hóll og hvar sleppir einum og hvar tekur annar við? Svipuðu máli gegnir um klaustrin. Áður en þau eru talin þarf að skera úr um hvað klaustur er og hvað ekki. Vissulega útilokar Steinunn að nokkrar sögusagnir geti talist marktækar um klaustur. Þar er átt við dvalarstaði Ásólf's alskíks Konálsssonar á 10. öld sem getið er í helgisagnakenndri sögn í Hauksbók Landnámu, Stafholt, Hraunþúfu í Vesturdal, auk Svínanes og Bjarnanes í Kvígindisfirði. Þá gerir hún réttilega greinarmun á einsetulífnaði og klausturlífi. Hún telur aftur á móti að klaustur hafi verið stofnað að Bæ í Borgarfirði og það hafi starfað 1030–1049. Fjallar hún um það eftir því sem tók eru á, svipað og þegar um meginklaustrin er að ræða, eins og Þingeyra-, Þykkva-bæjar- og Kirkjubæjarklaustur. Hér skal dregið stórlega í efa að klaustur hafi raunverulega verið að Bæ og þá einvörðungu út frá skilgreiningu. Að Bæ hefur trúboðsbiskupinn Hróð-ólfur eða Rúðólfur, sem líklega var háættaður benediktíni frá Normandí, að öllum líkindum haldið til og einir þrír munkar sennilega orðið þar eftir er hann yfirgaf landið. Óljóst er að þetta nægi til að mögulegt sé að líta svo á að klaustur hafi verið rekið að Bæ. Nær væri líklega

að líta á munklífið þar sem kristniboðsstöð og slík stöð skýrir á fullnægjandi hátt þær vísbendingar sem er að finna að Bæ og þykja benda til klausturs, til dæmis plönturnar á Laukaflötum. Oft skipta nákvæmar skilgreiningar sköpum í rannsóknum þótt þetta fræðilega álitamál geri það ef til vill ekki.

Helsti ávinningurinn af þessari nýju rannsókn Steinunnar og samstarfsfólks hennar er að staðsetning klaustranna að Þingeyrum (1133–1551), Reynistað (1295–1551), Munkaþverá (1155–1551), Þykkvabæ (1168–1548) og Viðey (1226–1539) er nú þekkt, auk klaustranna tveggja sem grafin hafa verið upp, það er að Skriðu (1493–1554) og Kirkjubæ (1186–1542). Hins vegar tókst aðeins að leiða líkur að staðsetningu klaustranna að Helgafelli (1184–1543) og Möðruvöllum (1296–1551). Ekki hefur heldur tekist að staðsetja klausturrústir í Flatey (1172–1184 en þar var fyrirrennari Helgafellsklausturs), Hítardal (1166–1201/1237) og Saurbæ í Eyjafirði (1200–1224), en á báðum síðastnefndu stöðunum voru starfrækt klaustur í skamman tíma, né hefur tekist að staðsetja rústir kristniboðsstöðvarinnar í Bæ. Þá kom í ljós að á Munkaþverá og Möðruvöllum voru klaustrin flutt um set í kjölfar bruna og annarra skakkafalla. Þetta er þónokkur afrakstur af rannsókninni og góður grunnur til frekari þekkingaröflunar í framtíðinni. Auk þessa er svo saga klaustranna rakin og felld inn í heildarsamhengi kirkjusögunnar í landinu frá kristnitöku til siðaskipta.

Þarna er raunar komið að stærsta álitamálinu varðandi það viðamikla rit sem nú liggur fyrir. Þar er færst mikið í fang og vafamál er hvort allt þetta efni nýtur sín nægilega vel í bókinni. Líkt og í ritinu um Skriðuklaustur gerir Steinunn sér far um að rita á læsilegan hátt fyrir almenning. Raunar gengur hún á köflum mun lengra í þá átt nú en fyrir fimm árum. Margir kaflanna um sjálfar leitarferðirnar verða bæði spennandi og persónulegar, sem að sjálfsögðu er nýstárlegt og ekki nema jákvætt í ritum um fræðileg efni. Það hlýtur að vera gott að fræðin séu aðgengileg fyrir sem flesta. Þegar líða tekur á lesturinn leitar þó sú tilfinning á lesanda að, enda þótt bókinn sé kjörin til skemmti- eða yndislesturs, sé ritið torveldara yfirferðar þegar það er lesið í fræðilegum tilgangi. Höfundur hefði hugsanlega gert sér fræðilega séð meira úr efninu með þrengra viðfangsefni eða kerfisbundnari uppbyggingu. Þar á ég við að skýrara hefði verið að greina betur á milli hins fornleifafræðilega hluta verksins, sjálfri leitinni að klausturrústunum, og hins sögulega hluta. Eins hefði komið sér betur fyrir hinn fræðilega þenkjandi lesanda að fjallað hefði verið um klaustrin með samræmdari efnistöku og kaflaupbyggingu í sagnfræðilega hlutanum, það er þeim sem byggður er á ritheimildum. Töflur í bókarlok auðvelda þó vissulega heildarsýn, samanburð og ályktanir svo langt sem þær ná.

Íslensku miðaldarklaustrin, eins og aðrar slíkar stofnanir, gegndu fjölpættu hlutverki auk hins hreinræktaða trúarlega hlutverks, sem var bænagjörð, helgihald og einstaklingsbundin ögun klausturfólksins. Bókmenntahlutverkið hefur lengi verið fræðimönnum ofarlega í huga. Uppgröfturinn á Skriðu bendir svo eindregið í átt til að þar að minnsta kosti hafi umönnun sjúkra og nauðstaddra skipt miklu máli. Þá hefur verið bent á að við kvenna-klaustrin hafa listiðnaður verið meðal verkefna nunnanna. Þessu skylt eru svo þau margháttuðu félagslegu áhrif sem klaustrin höfðu og Steinunn drepur á með athyglisverðum hætti. Hún bendir til að mynda á að meiri festa kunni að hafa ríkt í ábúð leiguliða á klausturjörðum en jörðum ýmissa annarra stórjarðeigenda. Það hefur svo stuðlað að betri afkomu þeirra sem slíks jarðnæðis nutu. Þetta vekur upp margar áhugaverðar spurningar: Gegndi sama máli um jarðir í eigu annarra kirkjulegra stofnana, biskupsstóla og einstakra kirkna? Var það ef til vill af þessum sökum alþýðunni beinlínis í hag hve mikill hluti jarðeigna í landinu var í kirknaeigu? Og gildi sama festa í ábúð á klausturjörðum eftir siðaskipti? Þá

bendir Steinunn einnig á að klaustrin kunni að hafa skapað svigrúm í samfélaginu fyrir einstaklinga sem af einhverjum ástæðum vildu komast hjá hjúskap í ættasamfélagi miðaldanna. Þar gat til að mynda kyngervi og kynhneigð skipt máli. Klaustur geta því verið mikilvægt viðfangsefni hinseginfræða á mörgum sviðum.

Stærð klaustranna olli síðan svo sannarlega miklu um hvernig þau voru í stakk búin til að rækja hin fjölpættu hlutverk sín, sem og hve merkjanleg félagsleg áhrif þeirra voru í raun og veru. Þá skiptir einnig máli hver festa var í starfi þeirra. Þótt sum klaustranna störfuðu svo að öldum skipti (sjá hér framar) gat á ýmsu oltið um starfsemina. Þar má nefna átök við ytri aðila, bæði kirkjulega og veraldlega, veika innri forystu, klausturbruna eða félagsleg áföll eins og plágur sem tóku sinn toll af klausturfólki ekki síður en öðrum. Svo er líka spurning hvernig eigi að áætla stærð klausturs. Klaustureignirnar eru einn mælikvarði og þá einkum fjöldi og gæði klausturjarða, stærð klausturbús og klausturbygginga er annar gildur kvarði, þá má nefna fjölda þeirra sem bjuggu á klausturstöðunum, þar með talin hjú, próventufólk og skjólstæðingar. Einn kvarðinn, og ef til vill sá áhugaverðasti, er fjöldi klausturfólksins sjálfs, munkanna eða nunnanna.

Rannsóknir Steinunnar leiða í ljós að klausturstaðirnir kunna sumir hverjir að hafa verið mun fjölmennari en hingað til hefur verið álitid þegar allt er talið. Fátt í rannsókninni bendir aftur á móti til að klausturfólkið hafi verið öllu fjölmennara á hverjum tíma en hingað til hefur verið áætlað. Hér er þó við ramman reip að draga og sem fyrr óvíst um mælikvarða. Hvaða sögu segja kirkjugarðarnir eins og á Skriðu? Þarf allt það fólk sem þar er grafið að hafa dvalið til langframa á staðnum eða kom það fyrst og fremst til að deyja, voru klaustrin frekar líknardeildir en sjúkrahús? Voru margir jafnvel fluttir um langan veg til að fá leg við klaustur eins og dæmi eru nefnd um í bókinni? Hvaða sögu segir skróðaeign? Í bókinni er bæði reynt að áætla fjölda klausturfólks og altara í klausturkirkjum út frá honum. Allur skróði þarf þó alls ekki að hafa verið í notkun samtímis og allt sem talið er í eignaskrá þarf jafnvel ekki að hafa verið í nothæfu ástandi samtímis. Þá er vart raunhæft að áætla stærð klausturs út frá borðbúnaði, eins og tilraun er gerð til í bókinni. Nútímaheimili eiga flest væntanlega mun meiri borðbúnað en heimilisfólk þarf á að halda nema þá í undantekningar-tilvikum. Þetta getur vel hafa átt við í klaustrunum líka. Þá er illmögulegt að áætla fólksfjölda í eða við klaustur út frá fjölda kúa á staðnum, eins og gert að minnsta kosti á einum stað í bókinni og mögulegt er við venjuleg býli. Í flestum klaustrum var líklega stunduð bókagerð í einhverjum mæli. Til þess þurfti húðir, ekki síst kálfskinn. Til að afla þeirra þarf kýr. Fjöldi þeirra gat því ráðist af ýmsu öðru en þörf fyrir mjólkurmat við klaustrin.

Sá hluti klaustursögunnar sem helst hefur verið fjallað um til þessa eru endalokin eða lokun klaustranna. Þetta kemur auðvitað til af því að þarna er um hluta af hinni umdeildu siðaskiptasögu okkar að ræða. Mikil áhersla hefur verið lögð á harða framgöngu Kristjáns III Danakonungs og umboðsmanna hans í þessu efni og þann fjárhagslega, félagslega og menningarsögulega skaða sem fólst í lokun klaustranna. Vissulega hlutu klaustrin að hverfa vegna þeirrar nýju guðfræði sem Lúther og fylgismenn hans boðuðu. Hitt er svo annað mál hvernig að lokuninni var staðið. Almennt hafa menn séð hana fyrir sér sem ofbeldisfulla stjórnvaldsaðgerð sem líkja mætti við rán. Í bók sinni tímasetur Steinunn lokun klaustranna sem störfuðu fram að siðaskiptum á afdráttarlausan hátt og það ýtir undir þessa staðalmynd. Þó má spyrja hvort myndin sé ekki flóknari en svo og vissulega hjálpar Steinunn lesandanum að greina nokkrar útlínur í því sambandi. Eins og alkunna er, voru jarðeignir klaustranna gerðar upptækar en þeim engu að síður haldið saman sem eignasamsteypum og þær faldar sérstökum léns- eða umboðsmönnum, klausturhöldurum. Spyrja má hvort enn séu öll kurl

komin til grafar um það hvernig þessar eignir voru notaðar. Ekki fer sögum af því að íslenskt klausturfólk hafi yfirgefið klaustur sín við siðaskipti og þyrpst í hjónabönd eins og gerðist víða erlendis og þau Lúthers-hjónin eru eitt þekktasta dæmið um. Fátt bendir heldur til þess að það hafi verið hrakið burt eins og þjóðsögur herma þó um Helgafell. Steinunn sýnir til dæmis að lokun Kirkjubæjarklausturs tók líklega heilan áratug. Klausturfólkið safnaðist auðvitað smám saman til fedra sinna og með því hefur farið forgörðum þekking og reynsla af umönnun sjúkra. Skólahald komst heldur ekki á við klaustrin eftir siðaskipti eins og þó var stefnt að varðandi sum þeirra. En gegndu þau samt einhverju félagslegu hlutverki áfram? Er útilokað að þar hafi farið fram einhver fátækraframfærsla eftir siðaskipti? Síðar var komið á nokkrum djáknastöðum í landinu sem voru nokkurs konar (framhalds-)námsstöður fyrir verðandi presta. Sumar þeirra tengdust klausturstöðunum, eins og til dæmis Reynistað þar sem Jón Steingrímsson eldklerkur hóf feril sinn. Þá hefur verið lögð mikil áhersla á að lausar eignir klaustranna, einkum gripir úr góðmálum, hafi verið fjarlægðar úr þeim, þær sendar úr landi og notaðar til að kosta stríðsrekstur konungs. Sú mynd hefur þó líklega verið flóknari. Til eru fyrirmæli þar sem konungur fyrirskipar höfuðsmanni að vísitera klaustrin og fjarlægja úr þeim ónauðsynlega gripi. Þá sem nota þurfti við áframhaldandi lútherskt helgihald átti hins vegar að skilja eftir. Það sem umfram var átti að flytja til Bessastaða. Því mátti svo úthluta til annarra kirkna sem vantaði búnað. Þetta leiddi til þess að ýmsir kaþólskir helgigripir voru endurnýttir með ýmsu móti. Þetta skýrir að Steinunn og samstarfsfólk hennar hafa fundið nokkra klausturgripi sem varðveist hafa hér heima fyrir. Það sem eftir var átti svo að flytja úr landi og líklega eru til meiri heimildir að minnsta kosti um magn þess og þá einkum þyngd en hinna gripanna sem dreifðust um landið. Á víð og dreif ýjar Steinunn svo að því að hreint og beint myndbrot hafi átt sér stað á siðaskipta-tímanum. Þar er þó vissara að fara með mikilli gát þar sem umtalsverðs samhengis virðist hafa gætt í gerð og búnaði íslenskra kirkna langt fram yfir siðaskipti og líklega allt fram á 18. öld. Það dregur stórum úr líkum á myndbroti þótt ýmislegt hafi örugglega farið forgörðum á klausturstöðunum og þá ekki síst þegar gömlu klausturkirkjurnar viku fyrir minni kirkjum.

Í *Leitinni að klaustrunum* er klaustursagan, eins og drepið var á hér framar, felld inn í sögu íslensku kirkjunnar frá kristnitöku til siðaskipta og þá ekki síst með tilliti til staðamála og átökum kirkjunnar við hið veraldlega samfélag. Þar finnst ritrýni ef til vill örla á vissum einföldunum ef ekki hugsanlegri mótsögn. Réttilega lítur Steinunn Kristjánsdóttir á kristnun þjóðarinnar sem hægfara langtímafreli. Um það notar hún hugtakið kristnivæðing. Samt má benda á að sums staðar virðist hún ganga út frá annars konar þróun. Kristnitökunni er til að mynda lýst svo að samþykkt hafi verið „[...] á hinu háa Alþingi að innleiða kristniþátt Rómarkirkju í landslög [...]“ og þar með hafi Ísland heyrt undir erkibiskup í fyrsta sinn (bls. 76). Þessum lesanda þykir að hér sé gert ráð fyrir að Þorgeir Ljósveitningagoði og samtímamenn hans á kristnitökuþinginu hafi nánast stökkið inn í miðaldakirkjuna í einu löngu stökki. Ef skilja ber tilfærð orð á þann hátt er hér með lýst yfir miklum efasemdum um þá túlkun. Náði alþingissamþykktin, ef hún var eitthvað í líkingu við það sem frá er sagt í *Íslendingabóke*, yfir nokkuð annað en að trúboðum á borð við Rúðólf í Bæ skyldi vært í landinu og gætu búið um sig í friði á trúboðsmiðstöðvum, eins og ugglaut hefur verið í Bæ? Var síðan ekki löng þróun og mikil stofnunarleg uppbygging eftir þar til það getur haft einhverja merkingu að fullyrða að Ísland væri hluti af erkibiskupsdæmi? Því stigi var ábyggilega ekki náð fyrr en löngu eftir að laukurinn í Bæ var einn orðinn eftir til merkis um starf Rúðólfs.

Svipað álitamál skýtur upp kollinum þegar klaustursagan er sett í kirkjusögulegt samhengi. Þar er greint á milli klaustra sem stofnuð voru fyrir 1190 og eftir þann tíma. Þannig er fjallað um stofnun klaustra að Þingeyrum, Munkaþverá, Hítardal (skammært), Þykkvabæ, Flatey/Helgafelli og Kirkjubæ undir kaflafyrirsögninni „Rómarkirkja hreiðrar um sig á Íslandi“. Um Keldna-, Saurbæjar- og Viðeyjarklaustur er hins vegar fjallað um í kafla sem kallast „Einkaklaustur andstæð kirkjuvaldinu“ og loks kemur kaflinn „Ný sókn eftir sigur í staðamálum“ þar sem sagt er frá Reynistaðar- og Möðruvallaklaustrum. Hér skal vissulega fallist á að það sé frjó tilraun að greina þróun klaustursögunnar þannig út frá því valdatafli í miðaldakirkjunni sem hér kemur gleggst í ljós í staðamálunum fyrri og síðari. Sú tilfinning gerir hins vegar vart við sig að tilraunin gangi ekki alveg eins vel upp og bygging bókarinnar gefur til kynna. Þessum lesanda virðist svo sem lítið sé á fyrsta skeið kristni í landinu (þ.e. fram undir 1200) sem sóknarskeið miðaldakirkjunnar undir beinni „strategískri“ stjórn páfa sem hefjist svo að nýju með „enduruppbyggingu kirkjulegs valds í landinu“ (bls. 277) í biskupstíð Árna Þorlákssonar (1269–1298). Mat ritrýnis er miklu frekar að „kristnivæðing-in“, það er hægfara uppbygging kirkjustofnunar í landinu og aðlögun íslenska samfélagsins að því sem mætti kalla „kristin gildi“ með nútímaorðlagi, hafi verið samvinnuverkefni kirkjunnar manna og veraldlegra höfðingja sem raunar hafi myndað sama þjóðfélagshóp þegar frá eru taldir erlendir „atvinnumenn“ eins og Rúðólfur í Bæ og fáeinir aðrir trúboðsbiskupar með fylgdarliði. Þessi samvinna skýrir í stórum dráttum friðsamlega kristnitöku, tiltölulega hröð trúarbragðaskipti og uppbyggingu kirkjustofnunar fram eftir 12. öld. Því virðist of mikið gert úr sókn Róma(r)kirkju á þessu fyrsta skeiði á kostnað innlenda valdsins. Af sömu ástæðu er hér lítið svo á að ekki sé mögulegt að líta á starf Staða-Árna sem „enduruppbyggingu kirkjulegs valds“. Þar virðist raunhæfara að segja einfaldlega „uppbyggingu“. Árni hafði ekki að neinni glæstri páfa-rómverskri fortíð að hverfa hér innanlands. — Hér gætir hugsanlega ekki skoðanaágreinings milli ritrýnis og Steinunnar heldur virðist hún aðeins gera ráð fyrir meiri hraða og kröftugri sveiflum í þróun íslenskrar kirkju og kristni á fyrstu öldum kristni í landinu en ritrýni finnst raunhæft. Vera má að það stafi af því að fornleifafræðingurinn geri í þessu efni ekki nægilegan mun á raunmynd og ímynd þegar hann bregður sér í gervi sagnfræðingsins og vinnur með ritheimildir.

Vissulega er það svo að ekki verður fjallað um klausturlíf, helgihald og húsagerð á miðöldum án þess að við sögu komi æði sérhæfður orðaforði. Til að aðstoða lesanda í þessu efni eru birtar „glósur“ eða orðskýringar á tveimur opnum í upphafi bókarinnar. Illu heilli eru sumar þeirra ónákvæmar, misvísandi eða beinlínis rangar eða byggðar á misskilningi. Þá má benda á að í meginmáli bókarinnar virðist höfundur af og til á æði þunnum ís. Sem dæmi má nefna túlkun hennar á myndefni Valþjófsstaðarhurðarinnar í annars áhugaverðri umfjöllun um hana. Það er þó edlilegt að í jafnstóru riti og hér er til umfjöllunar örli á einstökum veikum punktum.